

2006 nr. 47 14. júní**Lög um kjararáð**

Tóku gildi 1. júlí 2006.

■ **1. gr.** Verkefni kjararáðs er að ákveða laun og starfskjör þjóðkjörinna manna, ráðherra og dómara og annarra ríkisstarfsmanna sem svo er háttað um að þau geta ekki ráðist með samningum á venjulegan hátt vegna eðlis starfanna eða samningsstöðu.

■ **2. gr.** Kjararáð skal skipað fimm ráðsmönnum og jafnmörgum vararáðsmönnum.

□ Alþingi kýs þrjá ráðsmenn. Hæstiréttur skipar einn ráðsmann og fjármálaráðherra annan. Sömu aðilar velja vararáðsmenn. Kjararáðsmenn skulu skipaðir til fjögurra ára í senn.

□ Kjararáð kýs formann og varaformann úr hópi aðalmanna og setur sér sjálft starfsreglur.

■ **3. gr.** Fullskipað kjararáð ákveður laun forseta Íslands skv. 1. gr. laga nr. 10/1990, um laun forseta Íslands, þingfararkaup samkvæmt lögum nr. 88/1995, um þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnað, og launakjör ráðherra, hæstaréttardómara og héraðsdómara.

■ **4. gr.** Kjararáð skipað þremur mönnum ákveður laun og starfskjör ríkisstarfsmanna sem ekki falla undir 3. gr. og svo er háttað um að laun þeirra og starfskjör geta ekki ráðist með samningum á venjulegan hátt vegna eðlis starfanna eða samningsstöðu, sbr. 1. gr. Þetta ákvæði á ekki við um lög-reglumenn, tollverði og fangaverði, sbr. 39. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

□ Þriggja manna kjararáð skal skipað þannig að formaður velur með sér tvo úr hópi aðalmanna í ráðinu, og eftir atvikum varamanna. Þess skal gætt að ávallt sé í þessum þriggja manna hópi einn ráðsmaður skipaður af fjármálaráðherra og annar ráðsmaður kosinn af Alþingi.

■ **5. gr.** Fullskipað kjararáð sker úr um það til hverra ákvörðun launa og starfskjara skv. 4. gr. skuli ná í nánari atriðum en þar greinir.

■ **6. gr.** Kjararáð aflar sér af sjálfsdáðum nauðsynlegra gagna og upplýsinga og er því rétt að krefjast skýrslna, munnlegra og skriflegra, af starfsmönnum. Skulu þeir m.a. veita upplýsingar um aukastörf og hlunnindi sem störfum þeirra fylgja.

□ Talsmönnum þeirra sem undir úrskurðarvald kjararáðs falla, fjármálaráðuneyti og öðrum ráðuneytum vegna starfsmanna og stofnana sem undir þau heyra skal gefinn kostur á að leggja fram skriflegar eða munnlegar greinargerðir vegna þeirra mála sem til úrlausnar eru. Ráðið getur og heimilað málsaðilum að reifa mál sitt fyrir ráðinu.

■ **7. gr.** Kjararáð getur kvatt sérfróða menn til starfa í þágu ráðsins og til ráðuneytis um úrlausn mála.

■ **8. gr.** Við úrlausn mála skal kjararáð gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við

ákvörðun launakjara skv. 4. gr. skal kjararáð sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs skv. 3. gr. hins vegar.

□ Kjararáð skal ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði.

■ **9. gr.** Kjararáð skal ákvarða föst laun fyrir venjulega dagvinnu og önnur laun sem starfinu fylgja og kveða á um önnur starfskjör.

□ Kjararáð skal við úrlausn mála taka tillit til venjubundins vinnuframlags og starfsskyldna umfram dagvinnu. Það úrskurðar hvaða aukastörf tilheyri aðalstarfi og hver beri að launa sérstaklega.

□ Við ákvarðanir sínar getur ráðið tekið tillit til sérstakrar hæfni er nýtist í starfi og sérstaks álags og ábyrgðar er starfinu fylgir.

□ Kjararáð skal meta og taka tillit til kvaða sem störfunum fylgja, svo og hlunninda og réttinda sem tengjast embætti og launum, svo sem lífeyrisréttinda og ráðningarkjara.

■ **10. gr.** Kjararáð skal taka mál til meðferðar þegar því þykir þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögum þessum eða á störfum þeirra sem úrskurðarvald þess tekur til.

□ Eigi sjaldnar en árlega skal kjararáð meta hvort tilefni sé til breytinga á starfskjörum sem það ákveður. Kjararáð getur þó ákveðið að stefnumarkandi ákvarðanir um innbyrðis launahlutföll og heildarstarfskjör á ákvörðunarsviði ráðsins séu teknar sjaldnar, allt að fjórða hvert ár.

□ Kjararáð skal birta ákvarðanir sínar og úrskurði og ástæður fyrir þeim opinberlega með skipulegum og aðgengilegum hætti.

□ Ákvörðunum og úrskurðum kjararáðs verður ekki skotið til annars stjórnvalds.

■ **11. gr.** Kostnaður við kjararáð, þar á meðal laun kjararáðsmanna eftir ákvörðun fjármálaráðherra, skal greiddast úr ríkissjóði samkvæmt nánari ákvörðun í fjárlögum hvers árs.

■ **12. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2006. . . .

■ **13. gr.** . . .

■ **Ákvæði til bráðabirgða.** Þrátt fyrir ákvæði 5. gr. skulu allir þeir sem féllu undir úrskurðarvald Kjaradóms eða kjaranefndar samkvæmt lögum nr. 120/1992 þegar lög þessi öðlast gildi sæta kjaraákvörðunum skv. 4. gr. þar til kjararáð hefur ákveðið nánar, sbr. ákvæði 4. og 5. gr., til hverra þessi háttur á ákvörðun kjara skuli framvegis ná út frá þeirri meginreglu að kjör ríkisstarfsmanna skuli ráðast með kjarasamningum þar sem því verður við komið.

□ Þrátt fyrir ákvæði 12. gr. skal skipun kjararáðsmanna skv. 2. másl. 2. mgr. 2. gr. lokið áður en löggin öðlast gildi að öðru leyti. Skipun dómenda í Kjaradóm og nefndarmanna í kjaranefnd samkvæmt lögum nr. 120/1992 fellur niður við gildistöku þessara laga.